

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Viðskiptabréfareglur

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Viðskiptabréfareglur (60%)
ATH. Prófið er tvískipt: Viðskiptabréfareglur (60%)
Veðréttur og þinglýsingar (40%)

Prófdagur: 5. nóvember 2018 Kl.: □

Úrlausnartími: 4 klst. Próflöð: 7 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð:

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, eigi síðar en einni klukkustund eftir að próf hefst og eigi síðar en einni klukkustund áður en prófi lýkur. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Prófið fer fram á tölvu og skal úrlausnum skilað á rafrænu formi í lok prófs.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI
ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Viðskiptabréfareglur 60%

A. Rétt eða rangt (8%)

Eftirfarandi fullyrðingar eru annað hvort réttar eða rangar. Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Gefin eru 1 stig fyrir rétt svar. Dregið er frá 1 stig fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins einn möguleiki er réttur í hverri spurningu.

1. Afleiður eru viðskiptabréf.

Rétt

Rangt

2. Við framsal viðskiptabréfs er gerð undantekning frá þeirri meginreglu kröfuréttarins að framsalshafi öðlist ekki betri rétt en framseljandi átti.

Rétt

Rangt

3. Víxil er aðeins hægt að gefa út á hendur banka eða sparisjóði.

Rétt

Rangt

4. Ef ekki er samið um gjalddaga skuldabréfs ber skuldara að greiða fjárhæð skuldabréfsins þegar kröfuhafi krefst þess.

Rétt

Rangt

5. Mótbárutap og réttindamissir þriðja manns á sér ekki stað þegar um er að ræða rafrænt eignaskráð bréf.

Rétt

Rangt

6. Það hefur áhrif á það hvaða mótbárur komast að samkvæmt reglunni um mótbárutap skuldara hvort skuldabréf sé handhafabréf eða nafnbref.

Rétt

Rangt

7. Eignarhlutur í einkahlutafélagi er staðfestur með útgáfu hlutabréfs sem er viðskiptabréf.

Rétt

Rangt

8. Reglan um réttindamissi þriðja manns leiðir til þess að allar mótbárur þriðja manns (bæði sterkar og veikar) er lúta að tilurð framsals á handhafabréfi glatast.

Rétt

Rangt

B. Krossaspurningar (16%)

Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar. Tveir þriðju (0,67) af stigi er dregið frá fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins skal velja einn möguleika í hverri spurningu.

1. Hver eftirfarandi staðreynda um skuldabréf er **röng**:

a) Skuldabréf fela í sér skriflega yfirlýsingu.

b) Skuldabréf fela í sér gagnkvæman samning tveggja eða fleiri aðila.

c) Skuldabréf standa efnislega sjálfstætt.

d) Skuldabréf fela í sér skyldu til greiðslu peninga.

2. Hver eftirfarandi fullyrðinga, um regluna um réttindamissi þriðja manns, er rétt:

a) Maður sem eignast hefur réttindi yfir skuldabréfi sem er nafnbref tapar réttindum sínum við framsal til grandlauss aðila þrátt fyrir að sterk mótbára eigi við um framsalið til viðkomandi.

b) Maður sem eignast hefur réttindi yfir skuldabréfi sem er handhafabréf, tapar réttindum sínum, við framsal til aðila sem er grandsamur um réttindin, þrátt fyrir að sterk mótbára eigi við um framsalið til viðkomandi.

c) Maður sem eignast hefur réttindi yfir víxili tapar réttindum sínum við framsal til aðila sem er grandlaus um réttindin þrátt fyrir að sterk mótbára eigi við um framsalið til viðkomandi.

- d) Maður sem eignast hefur réttindi yfir hlutabréfi, tapar réttindum sínum, við framsal til aðila sem er grandlaus um réttindin þrátt fyrir að sterk mótbára eigi við um framsalið til viðkomandi.
3. Hver eftirfarandi fullyrðinga, um regluna um mótbárutap skuldara, er rétt:
- a) Skuldari tapar sterkri mótbáru gagnvart framsalshafa sem eignast hefur réttindi yfir skuldabréfi sem er nafnbref ef framsalshafinn er grandlaus um mótbáruna.
- b) Skuldari tapar veikri mótbáru gagnvart framsalshafa sem eignast hefur réttindi yfir skuldabréfi sem er handhafabref ef framsalshafinn er grandlaus um mótbáruna.
- c) Skuldari tapar sterkri mótbáru gagnvart framsalshafa sem eignast hefur réttindi yfir hlutabréfi ef framsalshafinn er grandlaus um mótbáruna.
- d) Skuldari tapar veikri mótbáru gagnvart framsalshafa sem eignast hefur réttindi yfir skuldabréfi sem er nafnbref ef framsalshafi er grandsamur um mótbáruna.
4. Skilríkisreglan felur í sér að:
- a) Skuldari losnar undan skuldbindingu sinni greiði hann þeim sem hefur viðskiptabréfið í hendi sér með formlega löglegri heimild enda hvorki viti hann þá né megi vita að annar eigi betri rétt til bréfsins.
- b) Sá sem tekur við fullnaðargreiðslu samkvæmt skuldabréfi ber að skila skuldara aftur frumriti bréfsins með áritaðri kvittun.
- c) Framvísa þarf opinberu skilríki, svo sem ökuskírteini eða vegabréfi, þegar greitt er af skuldabréfum.
- d) Þegar greidd er afborgun af skuldabréfi hvílir sú skylda á kröfuhafa að hafa frumrit bréfsins við höndina og rita bæði á bréfið sjálft kvittun fyrir afborguninni og gefa skuldara auk þess lausa kvittun fyrir henni.
5. Hver eftirtalinna fullyrðinga er **ekki** rétt varðandi regluna um innlausnarrétt skuldara:
- a) Þegar skuldari borgar allan höfuðstól skuldabréf er það skylda þess, sem hefur bréfið í hendi með formlega löglegri heimild og skuldari má líta á sem kröfuhafa, að skila skuldara aftur frumriti bréfsins með áritaðri kvittun.
- b) Þegar um rafbref er að ræða er áskilnaði reglunnar um innlausnarrétt skuldara fullnægt með greiðslu inn á reikning til eignaskráðs rétthafa enda hefur slík greiðsla sama gildi gagnvart skuldara og áritun á skuldabréf.
- c) Reglan um innlausnarrétt skuldara kemur fram í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar um áritunar á skuldabref frá 9. febrúar 1798.

- d) Þegar greiddir eru vextir af skuldabréfi er nauðsynlegt fyrir skuldara að bréfið sjálf sé áritað um greiðsluna svo unnt sé að sýna fram á greiðsluna gagnvart grandlausum framsalshafa.
6. Hver eftirfarandi mótbára skuldara er veik mótbára:
- Geymslugreiðsla.
 - Tilurð viðskiptabréfs andstæð lögum eða velsæmi.
 - Fölsun.
 - Efni viðskiptabréfs andstætt lögum.
7. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt um ógildingu viðskiptabréfa á grundvelli XVIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála:
- Ógilding er nauðsynlegt úrræði kröfuhafa glataðs viðskiptabréfs til að fá yfirráð yfir réttindum samkvæmt viðskiptabréfinu því án ógildingardóms getur hann ekki krafist greiðslu.
 - Ógilding er úrræði sem skuldari getur beitt til að hnekkja greiðsluskyldu sinni ef óheiðarlegt og andstætt góðri viðskiptavenju væri að bera skuldabréf fyrir sig.
 - Ógildingardómur leiðir til þess að skuldbinding skuldara fellur niður.
 - Einungis er mögulegt að ógilda viðskiptabréf í tilvikum þar sem sterk mótbára á við um stofnun þess.
8. Hver eftirfarandi fullyrðinga um skráningu réttinda yfir rafrænt eignarskráðum viðskiptabréfum er rétt:
- Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni rétthafa um skráningu þeirra berst reikningsstofnun.
 - Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni rétthafa um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.
 - Réttaráhrif eignarskráningarinnar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá reikningsstofnun.
 - Við eignaskráningu í verðbréfamiðstöð glatast ekki mótbárur sem lúta að svikum.

C. Ritgerðarspurningar (18%).

- Fjalið um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Takið til sérstakrar skoðunar hvernig helstu meginreglur um viðskiptabréf eiga við um rafrænt eignarskráð verðbréf.
- Fjalið um skilríkisregluna.

D. Raunhæf verkefni (18%)

Fjárfestirinn Þór Thoroddssen og athafnamaðurinn Ástþór Austmann náðu nýverið samningum um kaup Þórs á hlutabréfum í Ibiza hf. að nafnvirði 1.000.000 kr. eða sem svarar til 25% eignarhlutar í félaginu. Ibiza hf. rekur skemmtistaðinn IBIZA í miðbæ Reykjavíkur. Kaupverð hlutabréfanna var 20.000.000 kr. og greiddi Þór 3.000.000 kr. með peningum, 7.000.000 kr. með ýmsum lausafé, þ.m.t. bifreið, en eftirstöðvarnar samtals 10.000.000 kr. greiddi hann með útgáfu skuldabréfs. Í skuldabréfinu segir „Undirritaður, Þór Thoroddssen, kt. 290280-3339, viðurkenni að skulda handhafa þessa skuldabréfs 10.000.000 kr.“ Samkvæmt efni skuldabréfsins bar skuldin enga vexti en skyldi greiðast í einu lagi á gjalddaga þann 25. október 2018. Í skuldabréfinu kom fram að Þór væri heimilt að endurgreiða skuldina fyrr í heild eða að hluta. Samhliða útgáfu skuldabréfsins framseldi Ástþór hlutabréf í Ibiza hf. að nafnvirði 1.000.000 kr. til Þórs og áritaði yfirlýsingu um framsalið á hlutabréfin.

Eftir kaupin kom í ljós að rekstur Ibiza hf. var í miklum ólestri og höfðu bókhaldsgögn sem Ástþór hafði kynnt fyrir Þór samhliða kaupunum ekki gefið rétta mynd af rekstrinum. Þór hafði samband við Ástþór og krafðist þess að fá afslátt af kaupverði hlutabréfanna. Eftir nokkrar deilur á milli þeirra féllst Ástþór á að hann myndi gefa eftir skuldina samkvæmt skuldabréfinu og skrifuðu þeir undir samkomulag um eftirgjöfina. Ekkert var þó ritað um þetta samkomulag á skuldabréfið og fékk Þór skuldabréfið ekki afhent. Skömmu eftir að samkomulagið var gert skildi Ástþór við eiginkonu sína Ágústu Austfjörð. Í skilnaðarsamningi þeirra var ákveðið að Ágústa fengi skuldabréfið í sinn hlut.

Vegna annarra fjárfestingaverkefna setti Þór hlutabréf sín í Ibiza hf. að veði til verðbréfafyrirtækisins Bergs hf. Gerður var svokallaður „handveðssamningur“ um veðsetninguna en þó var ekkert ritað á hlutabréfin og Þór hélt bréfunum áfram í vörslum sínum.

Þór er nú komin í nokkur fjárhagsvandræði eftir að hafa tapað á nokkrum fjárfestingum sínum og skuldar hann fé í ýmsum fjármálastofnunum. Hann ákvað því að leita til lögmannsins Bergþóru Skarphéðinsdóttur eftir aðstoð við að koma lagi á fjármálin. Þór afhenti Bergþóru öll skjöl og samninga sem hann fann til. Hann veitti Bergþóru allsherjarumboð til að annast fjármál sín, þ.m.t. til að framselja hvers konar eignir og semja um skuldir sínar. Þór fór síðan í frí til útlanda á meðan Bergþóra reyndi að leysa úr málum hans. Bergþóra ákvað strax að selja hlutabréfin í Ibiza hf. en annar eigandi félagsins, Ari Vestmann, bauðst til að kaupa hlutaféð á 10.000.000 kr. Bergþóra seldi honum hlutabréfin, f.h. Þórs, og áritaði hlutabréfin um framsal til Ara og framvísaði allsherjarumboði.

Nú hefur Ágústa Austfjörð sent Þór innheimtubréf og krafist greiðslu á 10.000.000 kr. Þá hefur verðbréfafyrirtækið Berg hf. gjaldfellt kröfur sínar á hendur Þór. Berg hf. hefur fengið upplýsingar um að hin veðsett hlutabréf séu nú í höndum Ara og hefur félagið því kafið Ara um að afhenda sér hlutabréfin og framvísað handveðssamningi sínum um rétt til hlutabréfanna.

Fjallið um eftirfarandi atriði með hliðsjón af viðskiptabréfareglum:

- 1) Fjallið um hvort Ari þurfi að afhenda Bergi hf. hlutabréf í Ibiza hf.
- 2) Fjallið um hvort Þór beri að greiða Ágústu Austfjörð kröfu samkvæmt skuldabréfinu.

Svar skal vera ítarlega og vel rökstutt. Útskýra skal þær reglur um viðskiptabréf sem til álita koma og hvernig þeim skuli beitt í hverju einstöku tilfalli.